

Fréttabréf

október 2019

Foreldrafundur og kynning á vetrarstarfinu var haldinn miðvikudaginn 9. október. Farið var yfir það helsta sem snýr að starfi leikskólans. Vala og Lísu ný upplýsingakerfi voru kynnt og spurningum svarað eftir bestu getu en þessi kerfi eru ennþá í vinnslu. Heimasíða Lækjar er laekur.kopavogur.is Foreldrafélagið Grágæs var með kynningu og ársreikningur félagsins var lagður fram ásamt því að kosið var í stjórn foreldrafélags og foreldraráðs. Eftir fundinn voru deildarstjórar með kynningu á vetrarstarfi sínu.

Nokkrir nýir starfsmenn eru að bætast í hópinn en það eru Kamilía afleysing, Sara Líf skilastaða í Litla Læk og Signý aðstoðarmaður í eldhúsi. Inga Rut á Lynginu mun hætta í lok mánaðarins og þökkum við henni vel unnin störf og óskum henni alls hins besta á nýjum starfsvettvangi. Búið er að ráða Ingibjörgu í hennar stað og mun hún hefja störf mánudaginn 14. október.

Föstudaginn 11. október verður **bleikur dagur** í Læk og hvetjum við alla til að mæta í einhverju bleiku.

25. október er náttfata- og bangsadagur. Þá má mæta í náttfötum í leikskólann og stærð bangsans skiptir ekki máli þennan dag.

28. október fara börn fædd 2015 í ferð í Sorpu Dalvegi að kynnst endurvinnslu. Elstu börnin fædd 2014 fá nánari kynningu í Sorpu Gufunesi **29. október**. Þau fara með rútu og keyra m.a. í gegnum endurvinnslustöðina ásamt því að fá fræðslu.

Við í Læk ætlum að draga úr notkun á plasti og munum því hætta að bjóða upp á bláar skóhlífar í fataklefum. Við óskum eftir að foreldrar komi með taupoka undir óhreinan fatnað sem hægt er að geyma í boxum barnanna til að handhægt sé að grípa til þeirra.

1. nóvember er gulur dagur og þá hvetjum við alla að mæta í einhverju gulu.

12. nóvember er Kvöldfundur, kynning á Vináttuverkefni Barnaheilla og bangsanum Blæ. Mikilvægt er að allir foreldrar mæti á þennan fund þar sem einelti er mál sem allir ættu að láta sig varða og er þetta forvarnarverkefni.

Sjálfræði – virðing - hlýja

